

**Mál nr. 200/2014****M  
og  
váttryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns.****Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna líkamstjóns af völdum áreksturs.****Gögn.**

98. Málskot, móttakið 25.6.2014, ásamt fylgigögnum.  
99. Bréf X, dags. 3.7.2014.

**Málsatvik.**

Hinn 15.11.2012 ók M bifreið sinni aftan á aðra bifreið á Miklubraut í Reykjavík. Hinn 19.12.2012 leitaði M til heimilislæknis á heilsugæslustöð. Samkvæmt fyrirliggjandi samskiptaseðli um þá komu hafði M verk í hægri öxl síðastliðnar vikur, lent í árekstri mánuði áður, en verkurinn hafi verið byrjaður eitthvað fyrir það. Finnst stundum vera dofi í öxlinni og verkur við að hreyfa hana. Var einnig aum í „hæ. herð.“ Var talið að líklega væri um vöðvabólgu að ræða og var M vísað til sjúkrahjálfa.

Í vottorði heimilislæknis, dags. 7.5.2013, segir M hafi komið að nýju til skoðunar 20.3.2013. Þá hafi einkenni verið misjöfn eftir slysið, aldrei góð. Hún hafi ekki leitað til sjúkrahjálfa. M kom svo aftur til skoðunar 18.4.2013. Er hún þá sögð með áframhaldandi verki aftan í hálsi og einnig í neðanverðu brjóstbaki og út í rifjaboga, meira vinstra megin. Við skoðun hafi hálsþreyfingar verið góðar, eymsli hafi verið yfir hnakkafestum, meira vinstra megin. Eymsli hafi verið yfir báðum sjalvöðvum og kringum herðablöð. Eymsli voru yfir aftanverðum hægri axlarlið en góðar hreyfingar í báðum öxlum og ekki að finna taugaeinkenni í handleggjum eða höndum. Einnig hafi verið eymsli yfir neðstu brjóstliðum og aðlægum vöðvum í neðanverðum brjósthrýggnum. Þá hafi hún verið aum út í báðar síður. Aðspurð kvaðst M hafa getað stundað skólanám eftir slysið og aukavinnu sem hún hafi haft. Þá er haft eftir M að hún hafi stöku sinnum fundið fyrir verkjum í mjóbaki og aftan í hálsi fyrir slysið. Verkir aftan í hásinum hafi þó versnað eftir slysið og verkir í neðanverðu brjóstbaki hafi komið eftir það.

Hinn 8.5.2013 leitaði M til bæklunarlæknis. Í vottorði læknisins er lýst sjúkdómseinkennum sem M bjó við. Kemur þar fram að 6.8.2013 hafi verið fengin segulómsskoðun og niðurstaðan hafi verið lítið brjós-klos miðlægt milli sjötta og sjöunda brjóstliðar sem nái aftur að mænu en án neinnar þrengingar og ekki nein bein áverkamerki á beinin. Í niðurlagi vottorðsins segir að ekki sé ólíklegt að brjós-klosið sé tilkomið vegna áverka. Ekki sé ástæða til meðferðar og einkenni ættu að ganga til baka á einu til tveimur árum.

Bifreið sú sem M ók umrætt sinn var váttryggð lögboðnum ökutækjatrýggingum, þ. á m. slysatryggingu ökumanns, hjá X. M hefur krafist bóta úr slysatryggingunni vegna þess líkamstjóns sem hún kveðst hafa orðið fyrir af völdum slyssins. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem ósannað sé að sjúkdómseinkenni þau sem hún búi við megi rekja til slyssins.

**Álit.**

Í fyrirbyggjandi gögnum um sjálfan áreksturinn er þess ekki getið að M hafi orðið fyrir meiðslum við áreksturinn. M leitaði fyrst til læknis rúmum mánuði síðar. Einkenni voru þá einungis bundin við hægri öxl og herðar þeim megin. Síðar urðu einkenni hennar mund dreifðari. Engin matsgerð liggur fyrir í málinu. Gegn mótmælum X og eins mál þetta liggur fyrir verður að telja ósannað að M hafi orðið fyrir meiðslum við áreksturinn 15.11.2012 þannig að hún eigi rétt til bóta úr slysaftryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns hjá X.

Reykjavík, 12. ágúst 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.